

Alþingi  
Erindi nr. P 136/665  
komudagur 9.1. 2009

Ragnheiður Bogadóttir, nefndarritari  
Menntamálanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn.


Til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns bárust nokkrar umsagnarbeiðnir um frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Hér fylgir sameiginlegt álit starfsmannafélags safnsins, þjóðdeildar og handritadeildar.

Nefnd á vegum starfsmannafélagsins vann að gerð umsagnarinnar. Með umsögninni fylgir undirskriftalisti með nöfnum þeirra starfsmanna sem eru henni samþykkir. 55 starfsmenn skrifuðu undir af þeim 63 sem voru við vinnu þann dag sem skrifað var undir.

Óskað er eftir því að farið verði með undirskriftalistann sem trúnaðarmál og að hann verði ekki birtur á vef Alþingis.

Virðingarfyllst,


Ívar Jónsson, forstöðumaður þjóðdeildar



Jökull Sævarsson, formaður starfsmannafélags þjóðarbókhlöðu



Örn Hrafnkelsson, forstöðumaður handritadeildar



Reykjavík 8. janúar 2009.

Starfsmannafélag Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

### Umsögn

um frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn  
Þskj. 154 – 139. mál.

Starfsmannafélag Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hefur fjallað um ofangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir við það:

### *Almennar athugasemdir*

#### **Bókasafn Háskóla Íslands**

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er bókasafn Háskóla Íslands. Í 4. gr. frumvarpsins er dregið úr vægi safnsins sem bókasafns Háskólans um leið og safninu eru lagðar skyldur á herðar gagnvart öðrum háskólum í landinu. Ekki er hægt að leggja þjónustu safnsins við alla háskóla að jöfnu. Bókasafn Háskóla Íslands var flutt í heilu lagi í Þjóðarbókhlöðuna 1994 við sameiningu safnanna tveggja. Háskólinn á því ekkert annað bókasafn, ef frá er talið bókasafn menntavísindasviðs sem var áður bókasafn Kennaraháskóla Íslands. Aðrir háskólar í landinu eru allir með sín bókasöfn en eiga skv. frumvarpinu einnig að fá þjónustu fyrir kennara sína og nemendur hjá Landsbókasafni. Eðlilegra er að undirstrika hlutverk safnsins sem bókasafn Háskóla Íslands um leið og veitt er heimild til að gera þjónustusamninga við aðra háskóla, en það ætti ekki að vera skylda eins og segir í frumvarpinu.

#### **Rannsóknahlutverk safnsins**

Í frumvarpinu er hlutverk stofnunarinnar endurskilgreint og starfsemi þröngur stakkur skorinn. Þetta á einkum við um rannsóknarhlutverk safnsins, bæði sem háskólastofnunar og þjóðbókasafns, en orðið rannsóknarbókasafn sem notað er í gildandi lögum er fellt burt í frumvarpinu. Þá er rannsóknahlutverk þess einnig fellt niður. Bent er á að safnið er þjóðbókasafn og sem slíkt er þar löng hefð fyrir rannsóknum á sviði bókfræði, bóksögu og bókasafns- og upplýsingafræði. Án rannsóknarhlutverks glatar safnið forystuhlutverki sínu meðal bókasafna á Íslandi og getur hvorki sinnt sem skyldi varðveisluhlutverki sínu né þjónustuhlutverki. Án frumkvæðis og rannsóknarstarfsemi verður safnið eftirbátur sambærilegra safna í nágrannalöndunum, s.s. Konunglega bókasafnsins í Danmörku (KB), en það sinnir skyldum þjóðbókasafns Danmerkur og er jafnframt bókasafn Kaupmannahafnarháskóla. Þar er starfrækt sérstök rannsóknardeild. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er m.a. bókasafn Háskóla Íslands og veitir þjónustu sem tengist rannsóknarstarfsemi hans og fleiri háskóla. Í samningi safnsins við Háskóla Íslands segir að eitt af aðalmarkmiðum samningsins sé að efla safnið sem rannsóknarbókasafn og því er nauðsynlegt að halda rannsóknarhlutverki þess í lögum um safnið. Eitt af meginhlutverkum safnsins er að miðla þekkingu og veita notendum þess, almenningi og fræðimönnum, þjónustu. Án hagnýtra rannsókna mun safninu reynast erfitt að sinna þessu hlutverki, tryggja gæði þjónustunnar og þróa hana. Það er því mikilvægt að rannsóknarhlutverk safnsins sé skilgreint í frumvarpinu með skýrum hætti.

#### **Stjórnskipan**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn safnsins hafi aðeins ráðgefandi hlutverk og landsbókavörður beri alla ábyrgð á starfsemi safnsins, án þess að gerðar séu neinar hæfniskröfur til hans. Hætta er á að slíkt skipulag leiði til umboðsvanda í rekstri. Enginn

greinarmunur er gerður á faglegri og rekstrarlegri ábyrgð í frumvarpinu. Auk þess munu starfsmenn ekki eiga neinn fulltrúa í stjórn safnsins og fulltrúum Háskóla Íslands er fækkað úr tveimur í einn. Í ljósi skorts á rekstrarlegu og faglegu aðhaldi auk þess sem markmiða um atvinnulýðræði er ekki gætt, felur frumvarpið í sér ábyrgðarleysi fremur en ábyrgð. Starfsmannafélagið leggur til að stjórn safnsins beri fulla ábyrgð á starfsemi þess og hlutverk hennar sé ekki takmarkað við ráðgjöf.

### ***Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins***

#### **Athugasemdir við 1. gr. *Gildissvið og hlutverk.***

Í 1. grein frumvarpsins er fjallað um gildissvið og hlutverk safnsins og eru þar sameinuð í eina lagagrein atriði sem eru í eftirtöldum ákvæðum gildandi laga: 1. gr., 6. gr. og 7. gr. Um er að ræða atriði í *I. kafla. Stjórnsýsla* og *II. kafla. Hlutverk og markmið*. Lagt er til að aðgreiningin haldi sér frá nógildandi lögum því hún tryggir að skýrt sé kveðið á um þessa þætti.

Fyrsta málsgrein frumvarpsins, sem er að stofni til 6. gr. gildandi laga, felur í sér mikla breytingu á hlutverki safnsins. Skilgreiningin rannsóknarbókasafn er horfin og í staðinn komið: „Safnið er *þekkingarveita*“. Merking þessa orðs er óljós á meðan hugtakið „rannsóknarbókasafn“ (research library) felur í sér að safnið varðveiti sérhæfð gögn sem eru notuð við rannsóknir, einnig frumgögn og afleidd gögn.

Í 2. mgr.1. gr. er komið inn bindandi ákvæði: „Safnið á jafnframt samstarf við aðra háskóla“. Fella ber niður ákvæði um bindandi samstarf við aðra háskóla en Háskóla Íslands. Sjá athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að lagagreinin hljóði svo:

„Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknarbókasafn fyrir alla landsmenn sem skal halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra.“

#### **Athugasemdir við 2. gr. *Stjórn.***

Í 2. gr. frumvarpsins segir að ráðherra skipi fimm menn í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og að stjórnin sé forstöðumanni til ráðgjafar. Starfsmannafélagið telur óæskilegt að ekki sé gerður greinarmunur á rekstrarlegri og faglegri ábyrgð starfseminnar í frumvarpinu. Til þess að koma í veg fyrir umboðsvanda í rekstrinum og tryggja fagleg gæði telur starfsmannafélagið nauðsynlegt að rekstrarleg og fagleg ábyrgð á starfsemi safnsins hvíli á stjórn þess en landsbókavörður beri ábyrgð á rekstri þess í umboði stjórnar. Auk þess munu starfsmenn ekki eiga neinn fulltrúa í stjórn safnsins og fulltrúum Háskóla Íslands er fækkað úr tveimur í einn. Með þessari fækkun er dregið úr faglegu eftirliti með starfseminni. En æskilegt er að tveir stjórnarmenn séu skipaðir sameiginlega af háskólaráði Háskóla Íslands og samstarfsnefnd háskólastigsins og annar þeirra komi úr röðum félags- og hugvísindamanna og hinn úr röðum raunvísindamanna ennfremur einn fulltrúi tilnefndur af félagi bókasafns- og upplýsingafræðinga. Að lokum telur starfsmannafélagið nauðsynlegt til að treysta atvinnulýðræði innan safnsins að a.m.k. einn fulltrúi starfsmanna hafi fulla aðild að stjórn safnsins.

Lagt er til að lagagreinin hljóði svo:

„Ráðherra skipar 5 menn í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til þriggja ára án endurskipunar. Skal einn tilnefndur af starfsmönnum úr þeirra röðum, tveir sameiginlega af

háskólaráði Háskóla Íslands og samstarfsnefnd háskólastigsins og skal annar þeirra koma úr röðum félags- eða hugvísindamanna, hinn úr röðum raunvísindamanna, einn af félagi bókasafns- og upplýsingafræðinga samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórnin markar safninu stefnu, hefur umsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlana safnsins og eftirlit með starfsemi þess.

Landsbókavörður situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Menntamálaráðherra ákveður stjórnarmönnum þóknun.“

### **Athugasemdir við 3. gr. Landsbókavörður.**

Í samanburði við gildandi lög er vald landsbókavörðar aukið og horfið er ákvæði um að í reglugerð skuli kveðið á um deildaskiptingu. Starfsmannafélagið leggur áherslu á að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn verði áfram skilgreint í lögum sem háskólastofnun og rannsóknabókasafn og að í samræmi við þá kröfu verði krafist að landsbókavörður sé prófessorshæfur. Jafnframt telur starfsmannafélagið brýnt að kveðið sé á um deildaskiptingu innan safnsins í reglugerð til að tryggja festu í grunnstarfsemi þess.

Lagt er til að lagagreinin hljóði svo:

„Landsbókavörður skal hafa hæfi sem prófessor að mati þriggja manna dómnefndar sem menntamálaráðherra skipar. Skal hann vera skipaður til fimm ára í senn án endurskipunar.

Landsbókavörður ræður sviðstjóra úr hópi þeirra umsækjenda sem stjórn safnsins telur hafa og ræður jafnframt aðra starfsmenn.

Hann er í fyrirsvari fyrir safnið, ber ábyrgð á rekstri þess og að starfsemi sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.“

### **Athugasemd við 4. gr. Hlutverk og áherslur.**

Fyrsti og annar töluliður í 4. grein lúta að því hlutverki safnsins að sinna upplýsinga- og þekkingarmiðlun, annars vegar til almennings og fræðimanna, og hins vegar til háskóla landsins og annarrar vísinda- og fræðslustarfsemi. Þessi skipting er óheppileg og felur í sér endurtekningu. Enn fremur er Háskóli Íslands ekki nefndur sérstaklega í upptalningu á hlutverkum safnsins í 4. gr. þó að tekið sé sérstaklega fram að safnið sé bókasafn Háskóla Íslands í 1. gr.

Lagt er til að töluliðir 1 og 2 hljóði svo:

1. Að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun til almennings og fræðimanna og vegna annarrar vísinda- og fræðslustarfsemi. Felur það í sér leiðsögn og aðgengi að innlendum og erlendum heimildum á hvaða formi sem er.
2. Að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands og svo í öðrum háskólum landsins samkvæmt þjónustusamningi við viðkomandi skóla.

Starfsmannafélagið leggur til að þriðji töluliður fjalli *um erlendan gagnakost almennt* og breytist þá svo:

3. Að viðá að sér erlendum gögnum í prentuðu formi eða á öðrum miðlum í þágu vísinda, fræða, lista, stjórnsýslu og atvinnulífs. Ennfremur að annast framkvæmd landssamninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.

Vakin er athygli á því að í 4. og 6. tölulið er búið að fella út rannsóknahlutverk safnsins. Gerð er athugasemd við þessar breytingar og bent á að rannsóknarákvæðið hefur verið í lögum um Landsbókasafn í 60 ár, eða allt frá árinu 1949 (lög 44/1949). Þar að auki er kveðið á um það í

reglugerð um safnið (706/1998, 18. gr), einnig í stefnu safnsins fyrir árin 2003–2006 (*Þekkingarveita á norðurslóð*, bls. 2) og jafnframt í samningi þess við Háskóla Íslands, dags. 14. ágúst 2004.<sup>1</sup> Hér er um afturför að ræða fyrir starfsemi safnsins og viðskiptavini þess.

Innan safnsins hefur einnig verið unnið að greinaskrifum og skráum um bóksöguleg efni sem hafa margar hverjar reynst undirstöðugreinar fyrir íslenska bóksögu og handritafræði, enda hefur safnið að geyma margbrotinn safnkost; nánast allar íslenskar bækur síðustu 500 ára svo og stærsta safn íslenskra handrita sem til er í heiminum (um 15.000 talsins). Meðal handritanna eru mörg sem talin eru til þjóðardýrgripa (s.s. eiginhandarrit Hallgríms Péturssonar að Passíusálmunum frá 1659, Kringlublaðið frá því um 1260, ferðadagbækur Jónasar Hallgrímssonar og svo mætti lengi telja). Handritasafnið hefur jafnframt þá sérstöðu á alþjóðavísu að þar eru varðveitt fjölmörg handrit frá fyrri öldum sem koma úr röðum alþýðufólks, ólíkt öðrum handritasöfnum víða erlendis.

Til þess að safnið geti veitt viðunandi þjónustu og miðlað þessum merka safnkosti er nauðsynlegt að það hafi ákveðna rannsóknaskyldu og geti með því móti birt skrár og greinar sem auðvelda almenningi og fræðimönnum aðgengi að safninu og gögnum þess. Bent er á að rannsóknir eru eitt af hlutverkum þjóðbókasafna víða um heim, t.d. í Danmörku enda styðja rannsóknir við þjónustuhlutverk bókasafna eins og sýnt hefur verið fram á.<sup>2</sup> Með rannsóknnum er einkum átt við hagnýtar rannsóknir, þróunarstarfsemi og nýsköpun.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er höfuðsafn þjóðarinnar á sínu sviði á sama hátt og Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands og því nauðsynlegt að safnið hafi rannsóknarhlutverk sem sæmir stöðu þess. Gerð er tillaga um að þessu ákvæði frumvarpsins verði breytt og rannsóknarhlutverkinu verði haldið til haga í lögum safnsins.

Lagt er til að töluliðir 4 og 6 hljóði svo:

4. Að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun og rannsóknnum á íslenskum handritum og einkaskjölum og samsvarandi efni á nýrri miðlum.
6. Að vinna að rannsóknnum á sviði bókfræði, bóksögu<sup>3</sup> og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi.

Í 4. grein leggur starfsmannafélagið til að bætt verði við tveimur töluliðum, þ.e. nr. 7 og 8.

Lagt er til að lagagreinin í heild sinni hljóði svo:

„Hlutverk sitt rækir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn einkum með eftirfarandi hætti:

1. Að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun til almennings, fræðimanna og annarrar vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með leiðsögn og aðgengi að innlendum og erlendum heimildum í hvaða formi sem er.
2. Að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands og svo í öðrum háskólum landsins samkvæmt þjónustusamningi við viðkomandi skóla.

<sup>1</sup> [http://www.hi.is/is/skolinn/samningur\\_hi\\_og\\_landbokasafns\\_haskolabokasafns](http://www.hi.is/is/skolinn/samningur_hi_og_landbokasafns_haskolabokasafns)

<sup>2</sup> Sjá t.d. Guðrún Pálsdóttir, Ingibjörg Árnadóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir, Ragnhildur Blöndal og Laurel A. Clyde, „Rannsóknir í bókasafns- og upplýsingafræði: Ísland“ *Bókasafnið* 18 (1994), bls. 38.

<sup>3</sup> Hefðbundnu hugtökin bóksaga og bókfræði fela í sér öll form gagna. Nýrri heiti hafa ekki unnið sér sess í íslensku máli.

3. Að viðað sé erlendum gögnum í prentuðu formi eða á öðrum miðlum í þágu vísinda- og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Ennfremur að annast framkvæmd landssamninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.
4. Að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun og rannsóknum á íslenskum handritum og einkaskjölum og samsvarandi efni á nýrri miðlum.
5. Að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila samkvæmt lögum, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni, skrá þau, veita aðgang að þeim og varðveita til framtíðar.
6. Að vinna að rannsóknum á sviði bókfræði, bóksögu<sup>4</sup> og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi.
7. Að vinna að rannsóknum á safnkosti og þróunarstarfsemi með það að markmiði að efla nýsköpun í varðveislu- og þjónustustarfsemi safnsins.
8. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi þjóðbókasafna nágrennalandanna.
9. Að stuðla að samstarfi og samræmingu starfshátta bókasafna og veita þeim faglega ráðgjöf.
10. Að sinna öðrum þeim verkefnum sem tengjast beint starfsemi safnsins samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavarðar í samráði við stjórn.“

#### **Athugasemdir við 5. gr. Samstarf við Háskóla Íslands og aðra háskóla.**

Háskóla Íslands þarf að nefna sérstaklega í þessari grein. Gefa má heimild í lögum til að veita öðrum háskólum þjónustu samkvæmt þjónustusamningi.

Lagt er til að lagagreinin hljóði svo:

„Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sinni þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands. Nánar skal kveðið á um þær skyldur í þjónustusamningi milli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands. Safninu er heimilt að semja við aðra háskóla landsins um þjónustu og gera við þá samstarfs- og þjónustusamning.“

#### **Athugasemdir við 6. gr. Fjárhagsmálefni.**

Í annarri málsgrein bætist orðið „háskóla“ við hlið orðsins „stofnanir“.

Lagt er til að lagagreinin hljóði svo:

„Kostnaður við rekstur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns greiðist úr ríkissjóði. Þá skal hluti af fjárveitingum til Háskóla Íslands renna árlega til safnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi safnsins og Háskólans.“

Safninu er heimilt að gera þjónustusamninga við háskóla, stofnanir og aðra aðila um samstarf eða þjónustu.“

#### **Athugasemdir við 8. gr. Gjaldtaka.**

Heimild til gjaldtöku hefur verið víkkuð út í frumvarpinu hvað varðar útlánastarfsemi og gerð ljósmynda. Heimildin nær einnig til innheimtu skilagjalds eða dagsekta. Aðrir gjaldskrárlíðir sem mætti bæta við lúta að leigu á einstaklingslesherbergjum og öðru safnrými svo sem fyrirlestrasal og tölvuveri. Gjald er tekið fyrir alla þessa liði og fleira nú án þess að sérstök heimild sé til þess í lögum.

Lagt er til að lagagreinin hljóði svo:

<sup>4</sup> Hefðbundnu hugtökin bóksaga og bókfræði fela í sér öll form gagna. Nýrri heiti hafa ekki unnið sér sess í íslensku máli.

„Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem útlánastarfsemi, millisafnalán, fjölföldun, gerð ljósmynda, sérfræðilega heimildapjónustu, tölvuleitir, leigu á einstaklingslesherbergjum og öðru safnrými svo sem fyrirlestrasal og tölvuveri. Heimildin nær einnig til innheimtu skilagjalds og dagsekta. Landsbókavörður setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku, að fenginni umsögn stjórnar, sem birt skal með aðgengilegum hætti.“


**Athugasemdir við 9. gr. Reglugerð.**

Lagt er til að lagagreinin hljóði svo:


„Menntamálaráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Í reglugerð skal kveðið á um deildaskiptingu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.“


**Ekki eru gerðar athugasemdir við aðrar greinar.**

Undirskriftir nefndarmanna:


  
Áslaug Agnarsdóttir

  
Bragi Þorgrímur Ólafsson

  
Ívar Jónsson

  
Jökull Sævarsson

  
Sjöfn Kristjánsdóttir

  
Örn Hrafnkelsson